

Fjórði fundur nefndar. Haldinn í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 04.09.2018. Fundur hófst kl. 11:30.

**Fundinn sátu:** Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Óli Halldórsson, Valtýr Valtýsson. Halldóra Mogensen, Hanna Katrín Friðriksson, Steinar Kaldal.

**Forföll boðuðu:** Ólafur Ísleifsson. Vilhjálmur Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Bergþór Ólason.

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### **Þetta gerðist:**

Í upphafi fundar var rætt utan boðaðrar dagskrár um vinnulag nefndar og markmið starfsins og áformaðan afrakstur.

Í framhaldi þeirra umræðna var farið yfir verklag nefndar sem samþykkt var og rætt á fyrri fundum, þ.e. að textadrög yrðu sett inn á TEAMS síðu nefndarinnar og nefndarmenn kæmu sínum athugasemdum að þar. Textinn yrði lagfærður m.t.t. athugasemda nefndarmanna áður en sú drög færu á samráðsgátt stjórnvalda. Stefnt verði að því að vinna sameiginlega að textadrögum hvers verkþáttar eins og kostur væri.

*Eftir þessar umræður ítrekaði nefnd ákvörðun sína sem áður var tekin á þriðja fundi nefndar, dags. 14. ágúst 2018, , að í ljósi tengsla verkefna eitt og tvö yrðu lokadrög þeirra sett á sama tíma í samráðsgátt stjórnvalda. Birting texta til kynningar og samráðs verði þó ekki framkvæmd nema að fenginni ákvörðun nefndar þar um.*

## **1. Umhverfisþing og vettvangsferð**

Verkefnisstjóri fór yfir drög að dagskrá Umhverfisþings umhverfis- og auðlindaráðherra sem haldið verður 9. nóvember. Á þinginu verður fjallað um hugmyndir um þjóðgarð á miðhálandi Íslands og almennt um friðlýsingar. Leitast verður við að varpa ljósi á og ræða hvers vegna mikilvægt er að vernda náttúru, víðerni og landslag og hvaða leiðir eru til þess. Á þingið koma sérfræðingar sem fjalla um viðfangsefni sem tengjast vinnu nefndar og hvatti verkefnisstjóri nefndarmenn til að taka daginn frá.

Því næst var velt upp þeim möguleika að fara í vettvangsferð á miðhálandið á haustdögum. Óljóst var hvort það gengi en ákveðið var að verkefnisstjóri kannaði betur hvort fullnægjandi þátttaka næðist áður en ákvörðun um ferð væri tekin.

## **2. Helstu punktar af fundum**

Farið var yfir helstu atriði sem komu fram á fundum nefndarinnar sem haldnir voru víðs vegar um landið. Um er að ræða atriði sem eiga það sammerkt að hafa verið nefnd á flestum fundum nefndarinnar.

Helstu tækifærin sem fundargestir sáu við stofnun þjóðgarðs voru bætt umgengni, aukin yfirsýn, tækifæri í markaðssetningu fyrir ferðapjónustu, dreifing ferðafólks um landið og bættir innviðir, þ.m.t. samgöngur. Varðandi umgengnina þá töldu gestir að þjóðgarði gætu fylgt fleiri landverðir og betri upplýsingar með fleiri skiltum og aukinni fræðslu. Þá var nefnt að miðhálandisþjóðgarður gæti aukið yfirsýn og styrkt utanumhald svæða sem nú þegar væru friðlýst en væru nánast afskipt í dag. Einnig var nefnt að mögulega gætu þjóðlendur komist undir betri stjórn ef þær færu undir þjóðgarð. Bent var á að þjóðgarður á miðhálandinu gæti skapað tækifæri fyrir ferðapjónustu hvað varðar uppbyggingu, markaðssetningu, gestastofur og stýringu. Og þá var líka nefnt að innviðir gætu batnað með betri vegum og uppbyggingu gönguleiða.

Helstu áhyggjur fundargesta tengdust fjármögnun verkefnisins, stjórnskipulagi og skipulagshlutverki sveitarfélaga, og hefðbundinni nýtingu sem finna má á miðhálandinu s.s. beit, veiðum og umferð. Varðandi fjármögnun þá var nefnt að illa hefði gengið að fá fjármagn í þau náttúruverndarverkefni sem unnið er að nú þegar, að Vatnajökulsþjóðgarður væri undirfjármagnaður og að það væri ekki fýsilegt að fara í stærri þjóðgarð nema tryggt væri að verkefnið væri fjármagnað. Einnig var nefnt að tryggja þyrfti að hefðbundin nýting yrði ekki skert. Mikilvægt væri að beit og veiðar yrðu ekki fyrir áhrifum ef þjóðgarður yrði stofnaður, sem og að passa þyrfti að aðgengi yrði áfram að miðhálandinu. Tryggja þyrfti að sjálfbærni og samþykkingu, s.s. veiðifélög, ferðafélög o.fl. gætu haldið sinni starfsemi áfram.

Þá var mögulegt stjórnskipulag mikið til umræðu á fundunum. Skýrt kom fram að ekki væri áhugi á miðstýrðum miðhálandisþjóðgarði og að stjórnskipulagið þyrfti að vera mjög skýrt og aðkoma heimamanna væri grunnforsenda. Þá veltu gestir fyrir sér hvaða áhrif þjóðgarður hefði á skipulagshlutverk sveitarfélaga, áætlanir þeirra og hvort svæði innan þjóðgarðs yrðu sérstök skipulagssvæði.

Á fundunum kom einnig fram að mikilvægt væri að huga að væntingastjórnun svona stórs verkefnis, s.s. að gera sér grein fyrir hvert hægt væri að stefna á næstu tíu árum, tuttugu, o.s.frv.

### **3. Áherslur í atvinnustefnu: Yfirferð**

Ekki gafst tími til að ræða um helstu áherslur í atvinnustefnu og var þeim því frestað.

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12: 57**